



**Ávarp  
forseta Íslands  
Höllu Tómasdóttur  
í tilefni af  
alþjóðlegum minningardegi  
um þá sem látist hafa í umferðarslysum**

**Reykjavík, 17. nóvember 2024**

Kæru vinir og viðbragðsaðilar.

Við komum saman hér í dag til að minnast þeirra sem látist hafa í umferðinni á liðnu ári. Það er mikilvægt að hafa vandaða tölfræði um þróun og orsakir umferðarslysa því það hjálpar okkur að átta okkur á því hvernig okkur gengur að ná því mikilvæga markmiði að gera allt sem í okkar mannlega valdi stendur til að fækka slysum og átta okkur á því hvar þarf að laga vegi, merkingar og aðra innviði, bæta fræðslu og auka vitundarvakningu í samfélaginu.

En það er ekki tölfræðin sem er mér efst í huga í dag, heldur djúp samúð með öllum þeim sem eiga um sárt að binda vegna ótímabærra dauðsfalla og skelfilegra afleiðinga alvarlegra umferðarslysa. Þá finn ég einnig fyrir einlægu þakklæti til ykkar sem mætið svo erfiðum aðstæðum í ykkar störfum; má þar sérstaklega nefna lögreglu og sjúkraflutningafólk, starfsfólk Neyðarlínu og bráðamóttöku og sjálfbóðaliða á vegum Landsbjargar auk annarra viðbragðsaðila.

Þegar horft er á tölfræðina yfir lengri tíma þá sést að dauðaslysum í umferðinni hefur fækkað og tölurnar sýna að þróunin hjá okkur er góð, bæði í alþjóðlegu og norrænu samhengi. Því ber að fagna, en þó situr sú staðreynd eftir að samanlagður fjöldi látinna og alvarlega slasaðra í fyrra var 237 og hefur sá fjöldi ekki verið hærri á þessari öld. Samkvæmt markmiðum umferðaröryggisáætlunar hefði sá fjöldi þurft að vera í mesta lagi 148 og því ljóst að við erum víðs fjarri því að ná markmiðum okkar.

Þá er ljóst að alvarleg slys og banaslys vegna svefns og þreytu undir stýri voru sérstaklega mörg í fyrra. Hér, líkt og þegar kemur að akstri undir áhrifum og notkun síma meðan á akstri stendur, er mikilvægt að benda á að þessi slys getum við og eigum að koma í veg fyrir með vitundarvakningu um ábyrga hegðun undir stýri.

Það er líka mjög mikilvægt að fræða þá ökumenn, sem ekki skilja íslensku, um íslenskar aðstæður enda hefur erlendum gestum okkar fjölgað mjög á þjóðvegum undanfarin ár. Það er mikið og margþætt hagsmunamál að erlendir gestir geti farið um vegi landsins án þess að slasa sig. Það eru ríkir hagsmunir þeirra sjálfra, hagsmunir annarra vegfarenda og hagsmunir ferðaþjónustunnar og þar með þjóðarbúsins.

Mig langar að biðja öll viðstödd að minnast með hlýju í hjarta þeirra sem látist hafa í umferðinni á liðnum árum og senda ástvinum þeirra styrk og samúð. Við skulum gefa okkur mínútu til þess.

---

Takk fyrir. – Við skulum vanda okkur og vera öðrum góð fyrirmynd!